

Stjörnugrís hf
Saltvík 1
162 Reykjavík

20. janúar 2026
UOS2501526/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 29. október 2025 – ID 391

Þann 29. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í Stjörnugrísi hf. í Brautarholti. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávík var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Engir útreikningar eða greining samkvæmt BAT hefur verið framkvæmd á heildarmagni köfnunarefnis og fosfórs sem losað er sem úrgangsefni né losun ammóníaks í andrúmslofti fyrir árið 2022.

Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðila var bent á að uppfæra áætlanir.
2. Rekstraraðila var bent á að rykmæla í kringum eldishúsin til að geta metið ryklosun.
3. Rekstraraðili var minntur á úrskurð úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindamála frá 18. ágúst 2025. Úrskurðarnefndin bætti ákvæði við starfsleyfi rekstraraðila þess efnis að rekstraraðili skuli eigi síðar en 1. september 2026 láta leyfisveitanda í té upplýsingar um áætlaða lyktarlosun frá starfsemi sinni og áætlaða dreifingu hennar, til dæmis með því að styðjast við OML-módel dönsku umhverfisstofnunarinnar. Við þessa áætlun verði tekið mið af sammögnunaráhrifum af öðru þauleldi á sama stað, sé talið að þeim sé til að dreifa. Í síðasta lagi skal rekstraraðili á þeim sama tíma láta leyfisveitanda í té aðgerðaáætlun þar sem lýst sé þeim tæknilegu og efnahagslegu möguleikum sem hann hafi til þess að draga á trúverðugan hátt úr lyktarmengun frá starfsemi sinni. Leyfisveitandi skal endurskoða starfsleyfi þetta í framhaldi af þessu, telji hann tilefni til þess.
4. Rekstraraðili var minntur á úrskurð úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindamála frá 18. ágúst 2025. Úrskurðarnefndin bætti ákvæði við starfsleyfi rekstraraðila þess efnis að rekstraraðili skuli eigi síðar en 1. september 2026 gera grein fyrir því landrými sem bú hans hafi til ráðstöfunar eða geti fengið hjá öðrum til ráðstöfunar og hvernig það

verði nýtt til áburðargjafar þannig að tekið sé mið af köfnunarefnisinnihaldi mykju og gróðurfari sem og hvernig tryggður verði annar farvegur til förgunar sé landrými ekki nægjanlegt. Þá skal rekstraraðili jafnframt gera grein fyrir hvaða tækni sé aðgengileg á búi hans í því skyni að draga úr lyktarmengun við dreifingu áburðar sem lýst er í BAT-20 til BAT-22, þ.m.t. varðandi fjarlægðarmörk frá landareignum annarra aðila, ef við á. Leyfisveitandi skal endurskoða starfsleyfi þetta í framhaldi af þessu telji hann tilefni til þess.”

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Árlega skal mæla losun köfnunarefnis og fosfórs úr húsdýraáburði skv. BAT- niðurstöðum. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn BAT niðurstöðum fyrir köfnunarefni og fosfór fyrir árið 2024.
2. Gr. 3.7 í starfsleyfi. Árlega skal mæla losun ammóníaks við eldishús. Skv. BAT niðurstöðum. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn BAT niðurstöðum fyrir ammóníak fyrir árið 2024.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 11. febrúar 2026.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur teymi eftirlits

Freyr Ævarsson
sérfræðingur teymi eftirlits